

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 11.07.2017

Sveitarstjórnarfundur haldinn í Skagabúð 11.07.2017

Mætt voru Dagný Rósa Úlfarsdóttir, Helga Ingimarsdóttir, Magnús Björnsson, Magnús Guðmannsson og Vignir Sveinsson.

Vignir setur fundinn og stýrir honum.

Dagskrá er eftirfarandi:

1. Bréf frá SSNV v/skíðadeildar Tindastóls
2. Tilnefning fulltrúa í samráðsvettvang Sónarátlnar á Norðurlandi vestra
3. Sameiningarmál
4. Önnur mál

1. Bréf frá SSNV

Bréf hefur borist frá SSNV dagsett 30.05.2017 og óskar framkvæmdastjóri SSNV fyrir hönd stjórnar að Skagabyggð taki afstöðu til þess að SSNV veiti Skíðadeild Tindastóls styrk að fjárhæð 30.000.000 kr.

Sveitarstjórn Skagabyggðar óskar eftir skýringum frá stjórn SSNV á því hvers vegna lagt er til að nær helming eigin fjár eigi að ráðstafa í eitt tiltekið verkefni án þess að auglýst hafi verið eftir umsóknum. Jafnframt frestar sveitarstjórn því að taka afstöðu til tillögu stjórnar þar til svör hafa borist frá stjórn SSNV.

2. Tilnefning fulltrúa í samráðsvettvang Sónarátlnar á Norðurlandi vestra

Tilnefnd eru Vignir Sveinsson og Dagný Rósa Úlfarsdóttir til vara

3. Sameiningarmál

Skagabyggð hefur verið í óformlegum viðræðum um sameiningu við Sveitarfélagið Skagafjörð. Í símtölum sem oddviti átti við sveitarstjórnarmenn 22 júní síðastliðinn samþykktu sveitarstjórnarmenn að fara í áframhaldandi viðræður við Sveitarfélagið Skagafjörð.

Sveitarstjórn Skagabyggðar tilnefnir Vigni Sveinsson, Dagný Rósu Úlfarsdóttur og Magnús Björnsson sem fulltrúa sveitarfélagsins í viðræður við Skagafjörð

Vignir lagði fram minnisblað frá fundi framkvæmdastjóra sveitarfélaga í Austur Húnavatnssýslu sem haldinn var 3.júlí síðastliðinn þar sem ákveðið var að halda Héraðsfund sveitarstjórna í Austur Húnavatnssýslu 24 ágúst.

4. Önnur mál

Ræddur vatnsbúskapur Skagabúðar.

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 11.07.2017

Ákveðið var að ræða við landeigendur að Neðstabæ og að landi við Njálstaði vegna girðingar upp frá fjárhólf.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin upp og samþykkt. Fundi slitið